



Alþingi  
Erindi nr. P 138/534  
komudagur 9.12.2009/5

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 9. desember 2009.

**Efni:** umsagnir um 239. mál, þskj. 274, 138. lþ., frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur ofl.), 256. mál, þskj. 292, 138. lþ., frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins og 257. mál, þskj. 293, lþ., frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt.

Með tölvubréfi dags. 5. desember 2009, óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um mál nr. 239., þskj., 274, 256. mál, þskj. 292 og 257. mál, þskj. 293.

Umrædd frumvörp eru nokkuð viðamikil. Fresturinn sem gefinn var til að veita umsagnir um frumvörpin var svo stuttur að ekki voru tók á því á Jafnréttisstofu að fara ítarlega yfir ofangreind þrjú frumvörp.

Um þau öll er það þó að segja að Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að löggjafarvaldið fari vel yfir það hvort aukin skattlagning og auknar álögur í formi ýmissa gjalda komi niður á konum og körlum með sama hætti.

Jafnréttisstofa lýsir einnig áhyggjum varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, mál 239, þskj. 273, en þar eru lagðar til hækkanir á ýmsum gjöldum sem leggjast á við innheimtu- og fullnustuaðgerðir. Þau gjöld lenda því á hópi fólks sem er illa státt fjárhagslega og leggja þyngir byrðar á þann hóp sem ekki hefur bolmagn til að standa undir slíkum hækkunum.

Virðingarfyllst

f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur